

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1048

Dagsetning: 26. nóvember 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKÞ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 18. nóvember 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Heilbrigðisþing 2024

Rætt var um Heilbrigðisþing 2024, sem fer fram fimmtudaginn 28. nóvember næstkomandi. RÓE og NSK kynntu stuttlega áherslur í erindum þeirra á þinginu auk þess sem rætt var um fyrirhugaðar pallborðsumræður þar sem ÍDH verður fulltrúi HH.

4. Heimsóknir á stöðvar

Umræður um heimsóknir forstjóra á heilsugæslustöðvar, og fyrirhugaðar heimsóknir á aðrar starfsstöðvar eftir áramót. Vel hefur gefist að hitta stjórnendur með þessum hætti og telur framkvæmdastjórn mikilvægt að halda heimsóknunum áfram.

5. Persónuverndarmál

Rætt var um stöðu persónuverndarmála hjá HH og yfirferð yfir stöðuna á starfsstöðvum HH. Fjallað var um hugmyndir um að fá lögfræðistofu til að aðstoða við vinnuna. Jafnframt var rætt um hlutverk persónuverndarfulltrúa HH í þeirri vinnu og hvort stækka þurfi hlutverk persónuverndarfulltrúa innan stofnunarinnar.

6. Starfslýsing þjónustustjóra heilsugæslustöðva

Fjallað var um drög að auglýsingu fyrir þjónustustjóra heilsugæslustöðva. Um er að ræða nýja stöðu innan heilsugæslustöðva til að auka við stuðning við svæðisstjóra tengt rekstri stöðvanna.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf áfram að persónuverndarmálum innan HH, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM og NSK
- Yfirfara þarf lokadrög auglýsingar og auglýsa fyrir stöðvar sem óska eftir því, sjá lið 6.
Ábyrgð: SKP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:10.